

Í BRENNIDEPLI

KANADÍSKAR BÓKMENNTIR – MAÍ 2016

Íbúar Kanada eiga sér ríka frásagnahefð eins og Íslendingar. Bókmenntir þjóðarinnar hafa endurspeglað tvímála uppruna landsins sem skiptist í ensku og frönsku. Frá 1988 hefur opinber stefna Kanada verið fjölmeningarsamfélag, en í reynd frá lokum 19. aldar.

Bókmenntir hafa verið félagslegt afl í kanadísku fjölmeningarsamfélagi þar sem menningarpólítík og frásagnareinkenni mismunandi menningarhópa endurspeglast í skrifum höfunda.

Kanadískir rithöfundar hafa að stórum hluta verið konur og má þar nefna höfund bókanna um Önnu í Grænuhlíð, Lucy M. Montgomery, rithöfundinn Margaret Atwood og ekki síst Nóbelskáldið Alice Munro.